

Nd.

428. Frumvarp til laga

um afhending skyldueintaka til bókasafna.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1948.)

1. gr.

Öllum prentsmiðjum hér á landi og öðrum fyrirtækjum, sem margfalda prentað eða ritað mál, nótur, myndir og uppdrætti (með ljósprentun, steinprentun, koparstungu, fjölrítun o. s. frv.), er skylt að láta Landsbókasafni í té ókeypis af framleiðslu sinni sem hér segir:

- a) fjögur eintök af smáprenti öllu, sem minna er en ein örk, þar með taldar myndir og uppdrættir, sem ekki eru hluti bóka eða blaða, svo og bókum, tímaritum og blöðum, sem fjölrítuð eru í 50 eintökum eða fleiri,
- b) átta eintök af blöðum, sem út koma einu sinni á viku eða oftár,
- c) tólf eintök af öllu öðru prentmáli.

Af bókum og ritum, sem islenzkir bókaútfendur láta prenta erlendis, skal kostnaðarmaður skyldur að afhenda Landsbókasafni ókeypis eintök eftir sömu reglum, sem að ofan greinir.

Bækur og tímarit skulu afhent heft, og sé rit prentað á fleiri tegundir pappírs en eina, skulu að minnsta kosti þrjú eintök vera á þeirri pappírstegund, sem best er.

Afhendingarskyldar eru endurprentanir og sérprentanir úr blöðum og tímaritum, nýjar útgáfur og endurprentanir bóka, séu breytingar gerðar á efni þeirra eða fyrirkomulagi, enda þótt sama letursteypa sé notuð og bókin ekki talin ný útgáfa.

2. gr.

Enn fremur skulu útfendur þeir, stofnanir, félag eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að 10 eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess.

3. gr.

Það prentað mál, sem er algert trúnaðar- eða einkamál og aðeins ætlað ákveðnum þröngum hópi manna, getur útfefandi ákveðið að bókasöfn leyfi ekki að nota, fyrr en að ákveðnum tíma liðnum. Sá tími má þó ekki fara fram úr 50 árum, og geymast þessi rit á meðan hvergi nema í Landsbókasafni, ef útfefandi óskar.

Undanþegin afhendingarskyldu eru verðbréf og hlutabréf, bankaseðlar og annar prentaður gjaldmiðill.

4. gr.

Landsbókasafn veitir skyldueintökum viðtöku. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar, hve oft og hvar afhending skuli fara fram á ári hverju. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur og aðrar stofnanir, sem lög þessi ná til, senda landsbókaverði skrá í minnst 10 eintökum um allt prentmál, smátt og stórt, sem í þeim hefur verið prentað eða margfaldað á árinu.

5. gr.

Af skyldueintökum þeim, sem talin eru í 1. gr., skal Landsbókasafn varðveita tvö, eitt skal lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skal Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð að fengnum tillögum landsbókavarðar nánari ákvæði um skiptingu þeirra.

6. gr.

Verði prentsmiðja gjaldþrota eða hætti störfum, áður en afhending skyldueintaka hefur farið fram, er þrotabúinu eða kostnaðarmönnum prentmálsins skylt að sjá um, að ákvæðum 1. gr. sé fullnægt.

7. gr.

Vanskil á prentmáli varða sektum frá 50—5000 kr., sé eigi bætt úr vanrækslu, þegar áminnt er um það. Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi nugin lög um prentsmiðjur nr. 23 4. des. 1886, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim fram að þessu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 26. nóv. 1947 skipaði menntamálaráðuneytið dr. Sigurð Nordal, dr. Björn Sigfússon, Finn Sigmundsson, landsbókavörð, Jakob Benediktsson, magister, og dr. Þorkel Jóhannesson í nefnd til athugunar á bókasafnmálum. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og lét fylgja því svofellda greinargerð:

Samkvæmt 2. lið í erindisbréfi sínu hefur bókasafnanefnd gert þetta frumvarp.

Sökum þess að lög nr. 18 31. maí 1927 fjalla um prentsmiðjur, jafnt og um aðra iðju og iðnað, ber að afnema prentsmiðjulögin, nr. 23 4. des. 1886, en setja ný lög um skyldueintök til bókasafna.

Frv. bókasafnanefndar til laga um Landsbókasafn gerir í 6. gr., ef að lögum verður, breyting á afhendingu skyldueintakanna og enn meiri breyting á fyrirkomulagi þess, hvernig ráðstafað verður skyldueintökum til bókasafna erlendis. Af þeim rökum verða hin nýju lög um skyldueintök mjög frábrugðin prentsmiðjulögnum, og ber að geta nokkurs um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Fækkað er skyldueintökum af smáprenti niður í 4 eintök. Þar er meginefnið auglýsingar, áætlanir farartækja, verzlunarnótur, uppdrættir, hvers konar myndaprent, sem eigi er partur bókar, grafljóð, söngskrár og ýmsar sérprentanir. Þessa 4 eintaka skyldu þykir nauðsyn að leggja á allt fjölrítað mál, sem birt er í minnst 50 eintökum innan félags eða á almennari vettvangi. Þar eru oft fólgnar merkar söguheimildir og merki félagsmálaþróunar, staðbundnar fréttir, gamanmyndir, frumútgáfur smásagna og ljóða. Af félagsblöðum og skólablöðum eru árgangar sumir oft fjölrítaðir, en sumir prentaðir, og yrði varðveizla slíkra rita glöppót án þessa ákvæðis og meir undir tilviljunum komin en við verður unað lengur.

Í stað 12 eintaka, sem prentsmiðjum hefur undanfarið verið skylt að láta af blöðum öllum og ýmsum tímaritum, þykir rétt að ákveða 8 eintök dagblaða og vikublaða, þótt 12 eintök verði tekin af öðru. Fæst hin minni bókasöfn eiga nægilegt bókbandsfé og húsrúm til að varðveita vansæmdarlaust um alla framtíð skyldueintök blaðanna. Þeim verður hvorki gagn né álitsauki að hlöðum óbundinna blaða, sem þau hafa eignast, en sjaldan fengið svo heil, að kostandi þætti til bandsins. Með vaxandi skyldum verður fjórðungsbókasöfnum enn brýnna en fyrr að spara á þessum lið, og þykir nefndinni hæfilegt að ætla einungis þrem innlendum söfnum skylduna að varðveita blöðin öll og smáprentið.

Til útlanda eiga samkvæmt gildandi lögum að fara 4 skyldueintök af blöðum sem öðru prentmáli, og þykir eigi rétt að skerða skyldueintakafjöldann meir en

svo, að hægt væri að halda við öllum skiptisamböndum, sem nú eru, ef samningar þættu æskilegir þannig, sbr. 5. gr. um ráðstöfunarrétt Landsbókasafns.

Öll söfn, sem talsverða aðsókn hafa, þurfa að fá einhver fréttablöð og nota þau um leið og þau koma út. Til þess hafa amtsbókasöfnum aldrei dugað skyldueintök, sem berast þeim ári eftir prentun, svo að skyldueintakasvipting rænir þau engu, sem við þá þörf miðast. En ætla má, að hvert það safn, sem opna lesstofu hefur, muni geta fengið helztu flokksblöðin send með vægum skilmálum.

Nefndin hefur að öðru leyti haldið óbreyttum 12 eintaka fjölda þar, sem hann var ákveðinn í prentsmiðjulögunum, og hækkað eintakafjölda annars prentmáls úr 11 í 12 eintök. Bókaútfendur munu ekki telja þetta viðbótareintak eftir, þar sem það getur engin áhrif haft á sölu bókar innanlands.

Rit, sem innlendir útfendur láta prenta erlendis og flytja inn í landið, eru gerð afhendingarskyld, eins og gert er með öðrum þjóðum, þótt hér hafi skort um það lagafyrirmæli.

Mikill hluti rita hefur verið afhentur söfnunum heftur, þótt það hafi ekki verið lögskýlt. Nú þykir söfnum nauðsyn að lögfasta um það reglu. Hitt þótti nefndinni eigi fært, að neitt yrði lögleitt um bókband á skyldueintökum. En vitað er, að sum bókasöfn muni leita samninga við útfendur um að kaupa venjulegt forlagsband á mörg hinna heftu skyldueintaka, og er heftingin meðal annars þýðingarmikið spor til að auðvelda þau viðskipti.

Sjálfsgagt þykir að samræma tvenn nügildandi ákvæði um pappírsgæði þriggja eintaka í það horf, sem gert er í frv., en fella niður í staðinn óframkvæmanlegan lagastaf um eintök prentuð á skrifpappír.

Um 2. gr.

Sakir nauðsynja Landsbókasafns að afla sendilegra rita fyrir skiptimiðstöð sína, sbr. 6. gr. í frv. til laga um Landsbókasafn, þykir sanngjarnt að veita landsbókaverði þennan rétt. Þegar útfendur vita fyrirfram um kvöðina, sem styrk fylgir, kostar hún þá litlu meira en nemur pappír og framhaldsprentun þessara eintaka. Afhendingin getur ekki dregið úr innanlandssölu bókar, en þarflegt getur reynzt, að Landsbókasafnið útbreiði þessi rit erlendis.

Um 3. gr.

Ákvæði þessi eru ný, en nauðsynleg. Ekki er æskilegt, að leyndarskylda sé lengri en þarf, og mætti, þegar reynsla er fengin, takmarka hana nánar eftir tegundum efnis og setja um það ákvæði í reglugerð Landsbókasafns. Rangt þykir að láta eigi söfnunarskylduna ná til rita, þótt hvergi séu til sölu höfð.

Um 4. gr.

Með ákv. þessarar gr. er því starfi létt af lögreglustjórum að annast og ábyrgjast innheimtu og dreifing skyldueintaka. Þetta eykur starf í Landsbókasafni, en hindrar tvíverknað, tafir og óþægindi fyrir marga aðila. Reynsla hefur sýnt, að bæði lögreglustjórar og bókaverðir hafa talið sér hagræði að sniðganga lög um þetta efni og koma á milliliðalausum viðskiptum safnanna og prentsmiðjanna. Með því hefur þó skapast eftirlitsleysi og glundroði, sem ekki er hægt að sporna við, nema móttaka eintakanna sé öll á valdi Landsbókasafns. Vitanlega er það ekki tilgangur þessarar gr., að bækur prentaðar á Akureyri skuli fyrst fluttar til Reykjavíkur í Landsbókasafnið og skyldueintak sömu rita til bókasafnsins á Akureyri flutt að því búnu þangað norður. Þess vegna ákveður reglugerð, hvar afhending fer fram o. s. frv.

Ákvæðið um bókaskrár er staðfesting venjunnar, sem nú ríkir.

Um 5. gr.

Nügildandi ákvæði eiga að haldast um skyldueintakavarðveislu Landsbókasafns, Háskólabókasafns og bókasafns Norðurlands á Akureyri.

Um ráðstöfun annarra skyldueintaka má hiklaust ætla, að reglugerð dugi.

Meðan Ísland var í löggjafartengslum við Danaveldi, var ekki óeðlilegt, að löggjöf ákvæði um þau þrjú skyldueintök, sem prentsmiðjulögin ráðstafa þangað, og um skyldueintak til háskólans í Winnipeg var látin ná sama regla. Eftir skilnað Íslands og Danmerkur á þetta eftir eðli málsins að breytast í bókaskiptasamninga, sem þjóðbókasöfnin verði meginaðilar að, og um skyldueintakasendingu til Vesturheims er bezt, að gildi sama regla. Lagabreytingin, sem hér er lagt til að gera, fyrirbyggir ekki, að bókasendingar til hinna erlendu aðila verði nær óbreyttar frá því, sem er, en fastræður ekkert um, að þær skuli vera óbreyttar. Menntamálaráðherra og landsbókaverði hlýtur að verða annt um það á hverjum tíma, að reglugerðarákvæðin um bókaskipti við útlönd séu haganleg landsmiönnum og samvinnunni milli þjóða.

Bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, bókasafn Austurlands á Seyðisfirði og bókasafn Vesturlands í Stykkishólmi eru samkvæmt prentsmiðjulögunum skyld að taka til varðveislu allt prentmál í sama mæli og hin stærri og efnaðri söfn. Bókasafnsnefnd hugði, að auka þyrfti mjög tekjur og skyldur þessara safna, en beina vexti þeirra þangað meir sem notkunarþarfir eru brýnastar. Þess vegna vildi hún taka burt frá þeim kvöðina um alhliða varðveislu, en treysta menntamálaráðherra, sem er háður þingvilja, til að tryggja þessum söfnum í reglugerð þann rétt, sem þeim er hollastur, til að kjósa ókeypiss allar nauðsynlegar bækur og tímarit úr skyldueintökum. Um val þeirra safna á skyldueintökum blaða verður miklu þrengra, eins og sýnt er í skýringunni við 1. gr. Og nokkurn kost blaða hlýtur reglugerðin að ætla þjóðskjalasafni, sem tekið hefur við skyldueintökum þeirra að lögum. En líkur eru til, að blaðaeftirspurn útlendu bókasafnanna verði minni en nemur þeim 4 eintökum blaða, sem þeim eru ætluð nú í lögum, og verða þá möguleikar innlendu safnanna til blaðasöfnunar eitthvað minna skertir en ætla má af 1. gr.

Um 6.—8. gr.

þarf ekki að fjölyrða.